

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og skattanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1451
komudagur 24.3.2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, 419. mál.

Fjármálaeftirlitið (FME) vísar til tölvupósts efnahags- og skattanefndar, dags. 20. mars 2009, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, 419. mál. FME hefur yfirfarið efni tillögunnar og vill vekja athygli á eftirfarandi:

Í ákvörðun FME dags. 9. janúar 2009 kom fram að ekki væri unnt að ljúka verðmati eigna og skulda NBI hf., Nýja Glitnis banka hf. (nú Íslandsbanka hf.) og Nýja Kaupþings banka hf. innan tilgreindra tímamarka upphaflegra ákvarðana (þ.e. 90 daga frá upphaflegri ákvörðun fyrir hvern banka sem tekin var í október sl.). Af þeirri ástæðu ákvað FME að lengja fyrri tímamörk til að ljúka verðmati nýju bankanna og var ákveðið að ákvörðun varðandi endanleg lok verðmats nýju bankanna skyldi tekin eigi síðar en 15. febrúar 2009. Ákvörðun FME um endanlegan frest til að ljúka verðmati nýju bankanna hefur verið birt á heimasíðu eftirlitsins. Deloitte LLP mun ljúka verðmati bankanna í lok mars 2009. Í framhaldi af því mun Oliver Wyman skila skýrslu um framkvæmd verðmatsins, eigi síðar en 15. apríl 2009.

Í ákvörðun FME dags. 6. mars 2009 kemur fram að skilmálar fjármálagerningsins sem gefinn verður út frá nýja bankanum til þess gamla, vegna greiðslu á endurgjaldi fyrir því sem ráðstafað er til nýja bankans, skuli liggja fyrir eigi síðar en 18. maí 2009. Í upphaflegu ákvörðunum FME um ráðstöfun eigna og skulda gömlu bankanna var gert ráð fyrir því að niðurstaða um skilmála fjármálagerningsins lægi fyrir innan 10 daga frá því niðurstaða matsaðila lægi fyrir. Mikilvægt er að stjórnvöld fái svigrúm til að taka afstöðu til gerningsins að höfðu samráði við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt er og er því talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka frágangi þessa fjármálagernings þó eigi lengur en til 18. maí 2009.

Virðingarfyllst, f.h. Fjármálaeftirlitsins,

Kveðja / Best Regards,

Kristján Ólafur Jóhannesson
Fjármálaeftirlitið / Financial Supervisory Authority, Iceland